

Miðvikudaginn 18. maí 1927.

Nr. 1/1927. **Eliás Níelsson** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

**Haraldi Böðvarssyni f. h. firmans
Haraldur Böðvarsson & Co.**

(Jón Ásbjörnsson).

Útaf verðlagi á nýrri lifur á tilteknum stöðum á
vertið 1925.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 22. des. 1926:
Stefndur, Haraldur Böðvarsson f. h. firmans Haraldur Böðvarsson & Co, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Eliasar Níelssonar í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Eftir að dómur í hjeradi var kveðinn upp í máli þessu, hefir áfrýjandi útvegað ný sakargögn og lagt þau fyrir hæstarjett. En eigi að heldur hefir honum tekist að sanna, að meðalverð nýrrar lifrar á vetrarvertið 1925 hafi verið hærra en 30 aurar fyrir hvern liter á stöðum þeim, er um getur í samningi málsaðila frá 6. des. 1924. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða gestarjettardóm af ástæðum þeim, er um greinir í dóminum.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett, að áfrýjandi greiði stefnda 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardóminum skal óraskað. Áfrýjandinn Eliás Níelsson greiði stefnda Haraldi Böðvarssyni fyrir hönd firmans Haraldur Böðvarsson & Co. 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu útgefni 10. nóvember f. á. af Elíasi Nielsyni, sjómanni á Akranesi, gegn Haraldi útgerðarmanni Böðvarssyni s. st. f. h. firmans Haraldur Böðvarsson & Co. til greiðslu á vangoldnu andvirði lifrarhlutar, að upphæð kr. 46,99 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina.

Hinn 6. desember 1924 gerðu stefndur í þessu máli og Verkalýðsfjelag Akranes samning sín á milli og eru í 8. gr. hans svofeld ákvæði.

„H. B. & Co. (þ. e. hið stefnda firma) skulu ganga fyrir öðrum um kaup á allri lifur og hrognum úr öllum þeim fiski, sem skipverjarnir afla, meðan samningur þessi er í gildi, og skal verðið vera 2 aurum lægra hver lítri en meðalverð nýrrar lifrar á sama tíma í Vestmannaeyjum, Keflavík, Hafnarfirði, Reykjavík og á Ísafirði, og skal verðið reiknað út hvern 10. dag hvers mánaðar og gilda fyrir þann mánuð. Tunnulifur skal borguð því verði, er jafngildi gangverði samskonar lifrar í Reykjavík á sama tíma, en þó dragist frá fyrir hæfilegu flutningsgjaldi til Reykjavíkur“.

Stefnandi þessa máls, sem er einn af meðlimum Verkalýðsfjeldagsins, stundaði veiðar frá Sandgerði veturinn og vorið 1925 á vjelbát er hið stefnda firma átti, og fjekk það alla þá lifur sem kom í lifrarhlut stefnanda, eins og samningurinn tilskildi. Lagði stefnandi samtals inn hjá firmanu á þessum tíma 336½ lítra lifrar. Þegar til þess kom að gera skyldi upp reikninga, greindi aðilja á um það, hvaða verðlag skyldi lagt til grundvallar. Vildi stefndur aðeins greiða 28 auru fyrir hvern lítra, en stefnandi taldi sig eiga rjett til þess að fá 43 auru fyrir lítrann af mestum hluta lifrarinnar og 38 auru pr. lítra fyrir annan hluta hennar. Er hin umstefnda upphæð mismunur sá, sem verður á lifrarandvirðinu eftir því, með hvoru verðlaginu er reiknað, en firmað hefir greitt stefnanda þá upphæð, er það taldi sjer skylt að greiða.

Stefnandi heldur því fram að á stöðum þeim, sem nefndir eru í ofanskráðri samninggrein, hafi ekki verið um neitt verðlag á lifur að ræða, veturinn og vorið 1925, sem unt sje að miða við, þegar reikna á út lifrarverð hans, að undanskildum Vest-

mannaeyjum, en þar hafi reikningsverð á lifur, miðað við föst viðskifti alla vertíðina, verið 40 auro fyrir hvern lítra í janúar og maí, en 45—50 aurar mánuðina febrúar, mars og apríl. Kveður stefnandi alla þá lifur, sem keypt var í Reykjavík, Ísafirði og Hafnarfirði hafa verð tunnulifur, þ. e., meira eða minna gamla og staðna lifur, sem sje til muna verðminni en lifur sú, sem hann seldi stefndum, er verið hafi alveg ný, afhent daglega og því mæld í litratáli, enda hafi verið unnið úr henni meðalálýsi, sem sje dýrasta lýsi sem unt sje að vinna úr lifur. Að því er Keflavík snertir, þá kveður stefnandi þar ekki hafa verið um neina lifrarsölu að ræða, því að lifrarbræðslustöð, sem þar er á staðnum hafi enga lifur keypt, heldur aðeins tekið til bræðslu og síðan selt lýsið í umbodssölu. Kveður stefnandi Verkalýðsfjelagið hafa aflað sjer ofangreindra upplýsinga um lifrarkaup og lifrarverð á stöðum þeim, er samningurinn tilgreinir, í janúarmánuði 1925 og tilkynt stefndum þá þegar niðurstöðuna og einnig tilkynt honum mánaðarlega veturinn og vorið 1925 lifrarverð í Vestmannaeyjum, sem það, eins og áður er sagt, taldi vera hið eina verð, sem hægt væri að leggja til grundvallar.

Í málinu má telja það in confesso, með aðgreiningu þeirri, sem gerð er í samningnum á nýrri lifur og tunnulifur, sje átt við það, hvort um sje að ræða nýja lifur eða gamla, en ekki mál-einingu þá, sem lögd er til grundvallar við lifrarsöluna, enda getur rjetturinn ekki sjeð að það skifti nokkru máli hvor máleining er við höfð, ef vörugæðin eru hin sömu. Það getur og ekki að álitu rjettarins haft neina sjerstaka þýðingu, hvenær upplýst var um lifrarverð á hinum ýmsu stöðum, er samningurinn tilgreinir, því þrátt fyrir það ákvæði, að verðið eigi að reikna út 10. dag hvers mánaðar, verður að álíta, að samningurinn nái að fullu tilgangi sínum, þótt upplýsinganna um verðlag hafi verið aflað síðar, svo framfarlega sem það upplýsist, hvaða verð hafi verið algengt á hverjum stað og tíma. Vottorð þau, sem fram hafa verið lögd í málinu af beggja aðilja hálfu þessu viðvikjandi, eru og öll gefin eftir að öll sú lifur, sem um er að ræða í þessu máli, hafði verið afhent stefndum.

Ef þannig væri ástætt, sem stefnandi heldur fram, að ekkert væri upplýst um verðlag á nýrri lifur nema í einum af þeim fimm stöðum, sem ákveðið er í samningnum að miða við, þá væri þar með loku skotið fyrir, að það ákvæði næði tilgangi sínum.

Tilætlunin með því hlýtur að hafa verið sú, að á þann hátt yrði hægt að ákveða sanngjarnt verð fyrir báða aðilja, því hefði

svo farið, sem vel gat átt sjer stað, að verðlag yrði óhæfilega hátt eða lágt á einhverjum af þessum fimm stöðum, þá jafnaðist það, er meðaltal var tekið. Það væri því alls ekki í samræmi við ákvæðið, heldur þvert á móti bryti í bág við tilgang þessa, að miða aðeins við verðlag á einum stað.

Í málinu má hinsvegar telja það nægilega upplýst, hvaða lifrarverð hafi verið greitt á umræddum tíma á hinum ýmsu stöðum, er samningurinn tilgreinir, svo unt sje að ákveða meðalverð það, sem leggja skal til grundvallar.

Þannig má telja það upplýst með framburði þriggja manna er við lifrarkaup og lifrarsölu fást hjer í Reykjavík, að gangverð nýrrar lifrar hjer í bænum hafi verið um 25 aura pr. lítra á greindum tíma, og var lifrin að minsta kosti af einum þeirra notuð til að bræða úr meðalalýsi. Sömuleiðis er það upplýst að lifrarbræðslustöðin í Keflavík greiddi fjelagsmönnum 25 aura fyrir lítrann, að fráregnum kostnaði, og að hún galt utanfjelagsmönnum, sem lögðu þar inn lifur, sama verð. Samkvæmt ómótmæltu sameiginlegu vottorði umbodsmanna beggja aðilja í Vestmannaeyjum var innkaupsverð þar 35 aura hver lítri en reikningsverð 40—50 aurar. Á Ísafirði hafa og umbodsmenn beggja aðilja gefið sameiginlegt vottorð þess efnis, að lifrarverð hafi verið þar „um 38 krónur tuðnan ca. 170 lítrar“ og telja þeir að það muni svara til „lítraverðs á nýrri lifur sem næst 22—24 aurar líterinn“. Stefnandi hefir að visu mótmælt því að nokkuð sje lagt upp úr þessu vottorði, þar sem miðað sje við tunnu sem mál-einingu og heldur því fram að þar sje um að ræða staðna lifur, en í málinu liggur ekkert fyrir sem hnekt geti skýrum orðum vottorðsins að þar sje einnig átt við nýja lifur. Þá er það og upplýst, að lifrarverð í Hafnarfirði var á þessum tíma til jafnaðar 27% aurar pr. lítra „ný og gömul lifur eins og hún kom fyrir“, og enda þótt gera megi ráð fyrir að þar hafi að mestu leyti verið um staðna lifur að ræða, þá er ekki hægt að ætla eftir þessum upplýsingum, að gangverð í Hafnarfirði geri nokkra verulega breytingu á meðalverði því, sem fæst út úr gangverði hinna staðanna.

Samkvæmt framangreindum upplýsingum hefir stefnanda, að álitu rjettarins, ekki tekist að sanna, að verð það, er stefndur galt honum, hafi verið of lágt samkvæmt samningnum. Þvert á móti má telja það upplýst að meðalverð nýrrar lifrar, á stöðum þeim, er samningurinn greinir, hafi alls ekki farið fram úr 30 aurum pr. lítra. Verður niðurstaða málsins því sú hjer í rjettinum.

að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í málinu, en eftir öllum atvikum þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Sakir annara embættisanna hefir dómur ekki orðið kveðinn upp í máli þessu fyr en nú.

Föstudaginn 20. maí 1927.

Nr. 49/1927.

Ari Þórðarson (B. P. Johanson)
gegn

Ólafi Þórðarsyni (Fjeldsted).

Um rjett áfrýjanda til afsals hjá stefnda fyrir húseign.

Dómur gestarjettar Hafnarfjarðar 20. nóv. 1925: Stefndur, Ólafur skipstjóri Þórðarson, á að vera sýkn af kærnum og kröfum stefnanda, verslunarmanns Ara Þórðarsonar í máli þessu. — Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Það verður að telja það upplýst í máli þessu, að stefndi hafi frá upphafi gert það að skilyrði fyrir því að selja áfrýjanda húseign þá, er ræðir um í málinu, að fyrri eigandi hennar, Erlendur trjesmiður Erlendsson, vildi gefa áfrýjanda afsal fyrir eigninni og þar með losa stefnda við ábyrgð á víxilskuldum þeim, er á húseigninni hvíldu og stefndi hafði skuldbundið sig til að taka að sjer, og að áfrýjanda hafi verið kunnugt um þetta. Þegar nú nefndur Erlendur Erlendsson neitaði að gera þetta varð kaupunum ekki haldið fram gegn stefnda. Þegar af þessari ástæðu og að öðru leyti með skirskotun til forsenda hins áfrýjanda gestarjettardóms, sem ekkert verulegt er að athuga við, ber samkvæmt kröfu stefnda að staðfesta hinn áfrýjanda dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að áfrýjandi